



59. fundur
haldinn í Upsa á 3. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur, miðvikudaginn 24. nóvember
2021
og hófst hann kl. 15:30

Fundinn sátu:

Valdís Guðbrandsdóttir, Heiða Hilmarsdóttir og Börkur Þór Ottósson.

Starfsmenn:

Katrín Sigurjónsdóttir embættismaður.

Fundargerð ritaði: Katrín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. 202108061 - Beiðni um skuldbreytingu

Fyrir stjórn liggur að samþykkja og undirrita lánssamning við Dalvíkurbyggð skv. samþykkt stjórnar frá síðasta fundi. Um er að ræða 5 milljóna króna lán til 13 ára. Vextir eru 1,02%, fastir árlegir vextir. Grunnvísitala neysluverðs er 505,80 stig m.v. október 2021. Lánssamningurinn hefur verið samþykktur í sveitarstjórn.

Stjórn Leiguíbúðanna samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum fyrirbyggjandi lánssamning við Dalvíkurbyggð og felur framkvæmdastjóra að undirrita samninginn fyrir hönd félagsins.

2. 201910102 - Lokastígur - staða mála

Undir þessum lið var til skoðunar fjárhagsstaða Leiguíbúðanna m.v. nóv. 2021 og þær ábendingar sem borist hafa stjórn frá íbúum.

Stjórnin samþykkir samhljóða að leitað verði til pípara vegna kostnaðar við upphitun og athugasemda varðandi hitastýringu. Einnig samþykkt að fá aðila til að yfirfara slökkvitæki og reykskynjara ásamt því að íbúar og starfsfólk fái kynningu á notkun slökkvitækja. Þá verði farið yfir hurðamál með verktaka, Kötlu ehf.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:20
